

Mál nr. 404/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteigna(húseigenda)tryggingar

Vatnstjón þegar vatn lak niður í kjallararými í október 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2 og athugasemdum dags. 9.12.2016.
2. Bréf V dags. 5.12.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
3. Bréf M dags. 9.12.2016.

Málsatvik.

Niðurfall í ljósgryfju fyrir utan hús M stíflaðist með þeim afleiðingum að vatn safnaðist fyrir í gryfjunni og lak niður í kjallararými. M segir að dagana 6., 12. og 13. október 2016 hafi verið úrhelli í Reykjavík. M segir að ljósgryfja fyrir utan hús sitt sé mjög stór og geti tekið við miklu magni af vatni og niðurföll séu í miðju gryfjunnar. Hreinsað hafi verið frá niðurföllum áður en M fór í utanlandsferð 22. september 2016 en hann kom til baka 9. október s.á. M segir að sjaldan sé farið niður í kjallara húss hans, en það hafi verið gert 23. október sl. og þá hafi komið í ljós að mikið vatn hafi runnið frá ljósgryfjunni og inn í kjallarann. M telur að tjónið hafi orðið vegna þess að lagnir hússins hafi ekki haft undan til að flytja það í burtu vegna úrkomumagnsins og því sé tjónið bótaskyldt miðað við skilmála húseigendatryggingarinnar. V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 9.1.6 í skilmálum vátryggingarinnar, þar sem segir að tryggingin bæti tjón sem orsakist af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verði svo mikið að nái ekki að flytja það frá og við mat á þessu sé haft til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. V segir að ekki hafi verið um skyndilegt úrfelli eða asahláku að ræða þá daga sem vísað sé til af M, að tjónið hafi getað orðið og ekki valdið almennu eignatjóni á svæðinu umrædda daga. V telur að tjónið megi rekja til stíflu í niðurfalli við kjallara hússins.

Álit.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær eða með hvaða hætti vatnstjónið sem hér um ræðir varð. Úrkoma í Reykjavík dagana sem M tiltekur sem mögulega tjónsdaga var mjög mikil þó ekki hafi verið um asahláku að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að um skyndilegt úrfelli hafi verið að ræða umrædda daga. Þá er ekki sannað að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þó einhliða yfirlýsing sem M aflaði dags 9.12.2016 hafi verið lögð fram í málinu. Á það skortir að sýnt hafi verið fram á að úrfelli hafi orðið ofangreinda daga í október 2016 og/eða valdið almennu eignatjóni á svæðinu. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V sbr. gr. 9.1.6 vátryggingaskilmála.

Niðurstaða.

Miðað við fyrirliggjandi gögn á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.